

NORÐURLJÓS

Fréttabréf Norðurláls

9. tbl. 28. september 2011. Ritstjórar: Raket Heiðmarsdóttir & Trausti Gylfason. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg. Umsjón: Skessuhorn ehf.

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Ásmundur Jónsson, Brian D. Marshall, Bjarni I. Björnsson og Sverrir Guðmundsson. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir, Þórhallur Ásm. o.fl.



Heilsuárið

- Hádegisfyrirlestrar í september: Kynningarfundur um hlutverk náms- og starfsráðgjafa hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi 5., 7., 19. og 26. september
- Heilsuárið í mótuneytinu: Vítneskja og heilbrigði í október
- KVÖLDFYRIRLESTUR Í OKTÓBER
Fyrirlestur frá þremur áhugaverðum aðilum: Magnúsi Scheving stofnanda Latabæjar Andrésí Guðmundssyni stofnanda Skólahreystis Loga Geirssyni fyrrum atvinnumanni í handknattleik
Dagsetningar auglýstar síðar



Fátt er mikilvægara en að fara glaður út í daginn. Það er létt yfir Tómasi Inga Tómassyni og Marenu Lind Másdóttur við vinnu í kerskála á þessari mynd Ásu Birnu Viðarsdóttur.

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæra samstarfsfólk!

Það er mér sérstök ánægja að greina frá því að þann 2. september sl. náðum við hjá Norðurláli Grundartanga þeim merka áfanga að ná einu ári í starfi án slysa sem valda fjarveru. Vinnustundafjöldinn sem starfsfólk hefur unnið á þessu tímabili er ein milljón tvö hundruð og fjögur þúsund þrjú hundruð fjörtíu og tvær (þ.e. 1.204.342). Ég vil þakka ykkur fyrir þennan merka áfanga og er sannfærður um að við munum halda áfram að ná árangri í starfi okkar.

En gott gengi í öryggismálum kemur ekki af sjálfu sér. Allir starfsmenn hafa lagt hönd á plóg til að ná þessum árangri. Og til að vel gangi þarf jafnframt að vera stöðugleiki í rekstri framleiðsludeilda. Einn mikilvægur þáttur þar er góður og áreiðanlegur búnaður framleiðslunnar. Ég nefni þetta hér þar sem að um eitt ár er liðið frá því að rafveitan gekk í gegnum miklar bilanir sem orsökuðu alvarlegar rekstrartruflanir í verksmiðjunni. En með

vönduðum og skipulögðum vinnubrögðum og innleiðingu á áreiðanleikaviðhaldi í rafveitu Norðurláls hefur náðst glæsilegur árangur í rekstri rafveitunnar og þá verksmiðjunnar í heild. Um þetta mátti lesa í síðasta fréttabréfi og mega allir hlutaðeigandi vera stoltir af góðu starfi þar.

**Gunnar Guðlaugsson framkvæmdastjóri
Norðurláls Grundartanga**

Eitt ár án fjarveruslyss

Eins og fram kemur í forsiðugrein Gunnars Guðlaugssonar framkvæmdastjóra náðum við einu ári án fjarveruslyss þann 2. september sl. Hvað þarf að gerast til að hægt sé að ná þessum áfanga? Ljóst er að reynt starfsfólk og fagmennska vegur þarna þungt svo og rýni á verklag og vinnubrögð undanfarin misseri. Hver einasti starfsmaður þarf að mæta einbeittur til starfa og hugur og hönd þurfa að vinna sem eitt. Öll erum við hlekkir í keðju sem þarf að vera heil til að starfsemi fyrirtækisins gangi snurðulaust fyrir sig. Hver og einn starfsmaður vakir yfir eigin öryggi, jafnt í leik og starfi og hann má heldur ekki missa sjónar á þeirri félagslegu ábyrgð að vaka yfir náunga sínum og þá sérstaklega þeim sem óvanir eru. Leiða þá af kostgæfni í sannindi um rétt verklag og veita þeim stuðning. Mikilvægt er að missa ekki sjónar á meginmarkmiði okkar að allir komi



heilir heim frá vinnu. Stjórnendur þurfa að vera öðrum góðar fyrirmyndir því oft sannast hið fornkvæðna að eftir höfðinu dansa limirnir. Að lokum ber að þakka öllum sem starfa

á athafnasvæði Norðuráls á Grundartanga þennan merka áfanga. Megi góður árangur og liðsheid ætíð vera aðalsmerki Norðurlásmanna.
Trausti Gylfason öryggisstjóri

Örugg hegðun

Norðurál hefur undirritað samning um samstarf við fyrirtækið Aubrey Daniels International (ADI). ADI sérhæfir sig í atferlisfræðum og mun aðstoða okkur við innleiðingu á Behavior-based safety (BBS) sem hér eftir er kallað: „Öryggi byggt á hegðun“. Margir starfsmenn kannast við könnunina um öryggismenningu sem þeir svöruðu snemma sl. vor en þetta samstarf er áframhald af þeirri vinnu.

Öryggi byggt á hegðun er jákvætt ferli sem hefur forvarnargildi og gefur starfsmönnum og stjórnendum færi á að venja sig á og stýra hegðun sem hefur áhrif á öryggi í daglegum störfum. Á sviði stjórnunar er áherslan á hegðun eins og að ræða öryggismál á fundum, fjarlægja hindranir sem eru í vegi fyrir öruggum vinnuáðstæðum og að hafa öryggið á oddinum í öllum ákvörðunum sem teknar eru. Á vinnugólfinu getur dæmi um hegðun verið notkun persónuhlífa, rétt líkamsbeiting við störfin og að farið sé eftir verklagsreglum í hvívetna. Sérhver vinnuhópur í fyrirtækinu forgangsraðar og velur sér einhverja markhegðun en þannig verður ferlið sérsníðið að þörfum hvers vinnuhóps. Öryggi byggt á hegðun byggist á hegðunarfræðum sem hafa sýnt að skilvirkasta leiðin til að hjálpa fólki til að þróa með sér öruggar venjur, er með kerfi sem mælir, veitir endurgjöf og er eflandi. Þetta ferli leiðir til fleiri viðurkenninga og hvetur til úrbóta og framfara. Öryggi byggt á hegðun kemur ekki í

staðinn fyrir neitt sem þegar er til í núverandi öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækisins. Aftur á móti bætist það við og mun hjálpa fyrirtækinu við að komast upp á næsta stig öryggismála.



Hvernig virkar öryggi sem byggt er á hegðun?

Í hnotskurn virkar ferlið á þennan hátt:

1. Í hverri deild og á hverju stjórnstigi innan hennar eru skilgreind ákveðin dæmi um öryggishegðun.
2. Metið er hversu oft sú hegðun á sér stað.
3. Með endurgjöf og jákvæðri eflingu er stuðlað að því að sú hegðun endurtaki sig.

Í sérhverri deild eða starfssvæði verða settir saman hópar starfsmanna sem taka það

að sér að innleiða öryggi byggt á hegðun á sinni vinnustöð. Þeir munu skilgreina og velja þau dæmi um öryggishegðun sem þeir telja mikilvægasta með tilliti til þeirra verkefna sem þeir annast og þeirra tilfella þar sem legið hefur við slysi. Að því loknu munu allir meðlimir hópanna vinna að því að bæta þá hegðun. Þetta er ekki „lögreglukerfi“ þar sem samstarfsmenn klaga hvern annan, ef þeir verða varir við áhættuhegðun samstarfsfélaga. Í rauninni er það þveröfugt. Öryggi sem byggt er á hegðun gengur út á að greina hversu meðvitaðir starfsmenn eru nú þegar, veita því athygli hversu vel þeir vinna saman að úrbótum og að viðurkenna og samfagna hverjum áfangasigri. Formenn verkstæða og vaktstjórar ásamt framkvæmdastjórum þurfa einnig að skilgreina dæmi um mikilvæga öryggishegðun sem þeir þurfa að taka á sínum starfsvettvangi og bæta með tímanum. Auk þess að bæta mikilvæga markhegðun eru hindranir gegn öryggi skilgreindar og fjarlægðar. Að fjarlægja hindranir, að gera öryggishegðun auðveldari og gera hana að vana eru grundvallarverkefni þessa kerfis sem hér hefur verið lýst.

Ef við vinnum saman getum við skapað okkur öruggari vinnustað. „Öryggi byggt á hegðun“ gefur okkur kost á verkfærum til að gera mikilvægar breytingar. Það mun hjálpa okkur að skilja hvað við gerum vel í dag og hvetja okkur til að fagna þeim skrefum sem við tökum í átt að frekari árangri.

Trausti Gylfason öryggisstjóri



Endurbætur í Skautsmiðju

Frá 2006 hefur verið unnið að áætlun við að endurnýja gamlan búnað í skautsmiðju Norðurláls á Grundartanga. Þessi vinna gekk mjög vel og fengum við svör við verðfyrirspurnum okkar í ágúst 2008. Síðan kom hrúnið með eftirminnilegum hætti og lagðist þessi vinna niður um tíma. Það var síðan haustið 2010 sem ákveðið var að fara á fullt í þetta verkefni aftur. Að þessu sinni var ákveðið að taka eingöngu fyrir svokallaðan

„svarta hluta“ en það eru allar helstu vélar í skautendurvinnslunni. Verkfræðistofan Efla með Jón Viðar Guðjónsson í forsvari var fengin til að aðstoða okkur við útboðslýsingar og Óskar Jónsson hefur séð um verkefnastjórnun. Níu aðilum var boðið að taka þátt í útboðinu og fimm af þeim þáðu boðið. Það var síðan mánudaginn 6. júní sem tilboðin voru opnuð í húsakynnum Eflu á Höfðabakka. Tilboðin voru mjög mismunandi varðandi verð og útfærslu og

fór talsverður tími í að fara yfir þau öll. Síðan var ákveðið að vinna frekar með tvö lágstu tilboðin og gera þau samanburðarhæf ásamt því að ræða við viðkomandi aðila. Staða verkefnisins er á því stigi að á næstu dögum getum við farið að senda frá okkur fjárfestingagabeiðnina (CAR). Ekki verður þó tekin endanleg ákvörðun um framkvæmdaraðila fyrr en síðar í haust.

Júníus Guðjónsson, deildarstjóri skautsmiðju - þjónustu og búnaðar

Eins og diskókúla hafi prumpað í stofunni

Ég hefði ekki verið hérna hjá Norðurláli í 12 ár ef ég kynni ekki ágætlega við mig á þessum vinnustað,” segir Ása Mýrdal sem unnið hefur á ýmsum starfsstöðvum hjá Norðurláli. Ása byrjaði fyrir skömmu á kvöldvakt í mótuneytinu við að færa matinn til B og D vakta þegar þær eru á næturvöktum.

„Þegar ég fékk vinnu hérna, hálfu ári eftir að verksmiðjan byrjaði, var ég ásamt nokkrum ráðinn sem „hlaupari“. Það er að við áttum þá að vera tilbúin til að vinna þar sem vantaði fólk í fyrirtækinu í skemmri eða lengri tíma. Ég vann fyrsta daginn í skautsmiðju og var þar í sjö ár áður en ég fékk flutning. Fór þá í kerfóðrun og var þar í talsverðan tíma áður en ég fór að vinna í steypuskála. Þar var ég að vinna í tvö ár þangað til ég var flutt í kerskálann. Í fríunum mínum í kerskálunum var ég að leysa af í eldhúsinu. Og nú er ég byrjuð í nýju vinnunni minni, á kvöldvakt í mótuneytinu. Það leggst mjög vel í mig. Mér sýnist að þetta sé ágætur vinnutími. Ég er búinn svona um tvö leytið á nóttunni og þessi vinna gefur líka möguleika á ágætum fríum,” segir Ása.

Aðspurð segir Ása að talsverðar breytingar hafi orðið þennan tíma sem hún hefur starfað hjá Norðurláli. „Verksmiðjan hefur náttúrulega stækkað heilmikið á þessum árum. Tækjabúnaður og ýmiss aðbúnaður og aðstaða fyrir starfsfólk hefur líka batnað á þessum tíma.“



Aðaláhugamálið

Ása fæddist og ólst upp á Hellissandi til sex ára aldurs. Þá fluttu foreldrar hennar að radarstöðinni Gufuskálum og voru þar í tíu ár þar til flutt var á Skagann. Ása hefur átt heima á Akranesi frá 16 ára aldri eða í 26 ár og segist kunna vel við sig á Skaganum. Hún hefur verið einstæð tveggja barna móðir í sex ár, á soninn Gunnar Eyþór sem er 18 ára og Sigrúnu Ósk tíu ára. Ása lætur það þó ekki duga að hugsa um börnin sín, heldur er hún stuðningsforeldri bróðurdóttur sinnar, Þórhildar Nóttar, sem á við langvarandi sjúkdóm að stríða. Ása hefur

sýnt mikla framtakssemi í málum frænku sinnar. Hefur í tvígang ásamt öðrum efnt til styrktartónleika.

Aðspurð um áhugamálin segir Ása að þau séu nú ekki mörg, enda stundum takmarkaður tíminn fyrir utan vinnuna og heimilisstörfin. „Ég á eitt áhugamál sem ég hef gaman af og reyni að sinna vel. Ég er umboðsaðili fyrir HM snyrtivörur. Ég er með opið hús fyrir þá sem vilja koma og skoða það sem í boði er. Það eru yndislegar stundir, nokkrar konur samankomnar sem allar eru að farða sig. Þá er oft eins og diskókúla hafi prumpað í stofunni.“

Dugði ekkert minna en að stofna útgerðarfélag

Árið 2007 voru þeir Einar Ottó Jónsson, Guðmundur Hrafn Björnsson, Bjarni Tryggvason og Gunnar Guðmundsson vélvirkjar allir starfandi á C-vakt hjá Norðuráli. Þó leiðir hafi skilið innan fyrirtækisins síðan þá hafa þeir félagarnir haldið hópinn og stundað veiðiskap saman á hverju sumri síðan það ár. Tíðindamaður Norðurljósa hitti þá að máli á dögnum og spurði þá út í eitt og annað varðandi áhugamál þeirra féлага. Aðspurður segir Gunnar að upphafið að sameiginlegum veiðiferðum megi rekja til ársins 2007. Þá kom Guðmundur að máli við þá og sagðist hafa aðgang að góðum veiðistað. Bauð hann þeim að slást í hópinn í veiðiferð í Fossá sem rennur í Reyðarvatn upp af Lundareykjadal í Borgarfirði. Var ákveðið að þiggja gott boð og lagt af stað síðustu helgina í júlí með viðleguútbúnað og lánsbát.

„Eitthvað sóttust ferðirnar um vatnið seint á lánsbátum enda mótörinn sem fylgdi bátnum frekar lítill. Þegar ákveðið var að fara aftur á sama stað að ári þýddi ekkert annað en að slá saman í kaup á veglegri bát til ferðarinnar,“ segir Gunnar og bætir við að í kjölfar bátskaupana hefði legið beinast við að stofnað var útgerðarfélag um bátinn. „Það varð aldrei úr að félagið fengi viðeigandi nafn en útgerðarfélag er það,“ segir Gunnar og glottir út í annað. Síðan 2007 hafa þeir félagar haldið hópinn um áhugamálið og hafa farið árlega ferð í Fossá síðustu helgina í júlí auk fleiri ferða.

Miklar lífsnautnaferðir

Þegar talið berst að útbúnaði og undirbúningi fyrir ferðirnar verða þeir félagar kímnr á svip og Bjarni hefur orðið. „Aðalundirbúningurinn felst í því að undirbúa matseðilinn. Þetta eru miklar lífsnautnaferðir þar sem vel er hugsað fyrir góðum mat. Á matseðlinum hefur meðal annars verið nauta ribeye, lambasteikur og einu sinni elduðum við rjúpur. Auk þess er alltaf með í för gúllassúpa sem ég á algerlega skuldlausu og elda áður en lagt er af stað. Staðgóður morgunmatur er undirstaða góðs veiðidags. Þess vegna höfum við haft það fyrir reglu að elda okkur egg og beikon ásamt pylsum að morgni svo við höfum næga orku fyrir daginn. Við höfum aldrei áfengi með í för, það finnst okkur ekki eiga samleið með veiðiskap. En við hugsum þeim mun betur um að hafa staðgóða næringu upp á að bjóða. Það má segja að við undirbúning matseðilsins sé tekið mið af jólum, páskum og áramótum eins og upptalningin hér að framan sýnir“.

Um viðlegubúnaðinn segir Gunnar að hann sé ekki minna atriði en maturinn. „Framan af vorum við með einnota borðbúnað. Eitt árið



Gunnar Guðmundsson og Bjarni Tryggvason.



Glaðbeittir veiðimenn með glæsilegan afla við Reyðarvatn. Frá vinstri á myndinni eru: Einar Ottó Jónsson, Bjarni Tryggvason og Gunnar Guðmundsson.



Slakað á að loknum veiðidegi. Á myndinni eru frá vinstri talið: Bjarni Tryggvason, Guðmundur Hrafn Björnsson og Einar Ottó Jónsson. Í hægra horni má sjá „viðlegubúnað“ Guðmundar, bastkórfauna með postulínssettinu góða.

gerðist Guðmundur svo umhverfisvænn að hann tók ekki í mál að við héldum áfram að menga umhverfið með einnota pappa og plastrusli. Sagðist hann eiga fínan „viðlegubúnað“ sem reyndist vera bastkarfa með dýrindis postulíni. Hún þjónaði okkur við borðhaldið aðeins eina ferð. Eitthvað höldum við að kvikindisskapur af hans hálfu hafi haft með þá ofuráherslu að gera að karfan hafi verið tekin með í þá ferð. Allavega skemmti hann sér konunglega

að fylgjast með okkur reyna að vaska fitu og matarleifar af postulíninu í ísköldu vatni að borðhaldi loknu“.

Veiðisagan

Ekki er hægt að sleppa þeim félögum án þess að hafa af þeim eina góða veiðisögu í lokin. Þegar tíðindamaður Norðurljósa innir þá eftir einni slíkri kemur þeim félögum saman um að láta flakka söguna af því þegar Einar var nærri druknaður. Gunnar hefur orðið: „Einhverju sinni fórum við í veiðitúr í Hraunsfjarðarvatn og vorum að koma að landi eftir að hafa verið að veiðum úti á vatni. Við vorum komnir það nálægt landi að Guðmundur var búinn að taka mótörinn upp. Ég kíkti út fyrir borðstokkinn og sá að ekki var mjög djúpt til botns þannig að ég stökk út fyrir til að geta dregið bátinn upp í fjöru. Þegar ég var kominn út fyrir stóð ég í vatni upp á mið læri. Einar sem setið hafði fyrir framan mig í bátinum leit á mig og sá að ég var kominn út fyrir. Hann gerði hið sama án þess að líta til botns þar sem hann var en í stað þess að standa í vatni upp á læri eins og ég fór hann á bólakaf og hvarf ofan í vatnið.“ Og Bjarni tekur við: „Við Guðmundur sem sátum hinum megin bátinum fylgdu með þessum aðförum og sáum svipinn á Einari þar sem hann stökk fyrir borð og niður fyrir borð og á bólakaf. Voru greinilega holbakkar í botninum upp við land og Einar svo ólássamur að lenda í einum slíkum. Þegar honum skaut upp aftur komst hann að innræti félaga sinna sem eftir voru í bátinum. Við allir vorum algerlega máttvana af hlátri og hefðum ekki getað með nokkru móti veitt honum hjálparhönd. Hefði Einar ekki haft sig upp í bátinn af sjálfsdáðum hefði kallinn líklega druknað þarna rétt við landssteinana.“ Að þessum orðum sögðum hafa þessir glaðbeittu veiðimenn ekki tíma fyrir meira spjall, kveðja blaðamann með virtum og hverfa hver til sinna starfa hjá Norðuráli.



Starfsmenn farartækjaverkstæðis, standandi frá vinstri: Björn Jóhannesson, Jón Bergmann Jónsson, Arnfinnur Hallvarðsson, Andri Pór Kristinsson, Sigurður Arnar Árnason, Róbert Eyvar Ólafsson og Arinbjörn Axel Georgsson. Sitjandi: Sigurður Valgeir Eiðsson og Ólafur Böðvarsson. Á myndina vantar Gunnar Mýrdal.

Farartækjaverkstæðið

Ein af starfsstöðvum viðhaldsdeildar hjá Norðuráli er kölluð Farartækjaverkstæðið eða Farartækjaverkstæðið. Hvað eru farartæki í álveri, kann einhver að spyrja. Björn Jóhannesson verkstæðisformaður segir okkur að það séu öll færanleg tæki á hjólum, vagnar, lyftarar, lyftur og þar fram eftir götumum. Þar með talin sérbúin tæki eins og t.d. svokallaður ryksugubíll, sem er vinnuvél með sogkerfi. Alls eru þessi tæki að sögn Björns 214 talsins auk milliferðabíla. Farartækjaverkstæðið sér um eftirlit og viðhald á öllum þessum tækjum, en hvert tæki er kallað inn til skoðunar og smurningar á 250 vinnustunda fresti.

„Komi í ljós bilun eða að eitthvað sé að gefa sig í tækinu, þá er það strax tekið til viðgerðar, varahlutir pantaðir eða gerðar þær ráðstafanir sem tryggja að tækið verði áfram í rekstri, eða sem stystan tíma í viðgerðarhléi,“ segir Björn.

Nánast engin starfsmannavelta

Aðspurður segir Björn að alls starfi tíu á Farartækjaverkstæðinu og starfsmannavelta sé nánast engin.

„Það hafa engin mannskipti verið frá því ég tók við verkstæðisformennsku á árinu 2007. Þetta eru fullorðnir menn að mestu

og mikil reynsla og verkkunnátta til staðar. Í hópnum eru líka þrír ungir og öflugir, sem búa yfir nýjustu tækniþekkingunni, þannig að verkkunnátan er fjölbætt og mikil, sem kemur sér oft vel. Stundum lendum við í tímapressu. Tækin mega sum hver ekki vera lengi í viðgerðarhléi, því það er ekkert annað tæki sem leysir þau af á meðan. Svo þurfum við líka á stundum að kalla til starfa verktaka. Það færir í vöxt að tölvubúnaður sé orðinn ráðandi í tækjum. Þess vegna þurfum við stundum að fá sérfræðing frá innflytjandanum til að fást við bilanir.“

Starfað hjá Norðuráli í ellefu ár

Björn hefur í heild starfað hjá Norðuráli í ellefu ár, en vann reyndar einn vetur hjá Vinnueftirliti ríkisins áður en hann tók við verkstæðisformennskunni. Hann er lærdur bifvélavirki, byrjaði að vinna á vélaverkstæðinu, en segist síðan hafa unnið hingað og þangað á verksmiðjувæðinu, þar á meðal í steypuskálanum í nokkur ár. Björn er frá bænum Hóli í Lundareykjadal. Hann fór snemma að heiman í skóla, en Björn var í héraðsskóla að Laugarvatni. Síðan lá leiðin í iðnnám í Borgarnes. „Það er í raun hending hvar maður lendir á endanum,“ segir Björn sem býr í Melahverfinu ásamt konu sinni Helgu Stefaniú Magnúsdóttur kennara og tveimur uppkomnum dætrum.

Svipmyndir úr útivist og gönguferðum starfsfólks







Pátttakendur á námskeiðinu í heimsókn hjá Norðuráli á Grundartanga.

Alþjóðlegt námskeið í rafgreiningu áls

Námskeiðið var haldið dagana 29. ágúst til 2. september á Hótel Nordica í Reykjavík. Þátttakendur voru víðsvegar að úr heiminum, samtals um 75 manns sem er metþátttaka. Íslendingar voru þó í miklum meirihluta eða rúmlega 55 frá álverunum þremur hér á landi. Auk þess sendu íslenskar verkfræðistofur (HRV og VHE) þátttakendur. Námskeið þetta er haldið af The Minerals, Metals and Materials Society (<http://www.tms.org/Society/society.aspx>) sem eru alþjóðleg samtök verkfræðinga og vísindamanna sem vinna á sviði úrvinnslu, þróunar og rannsókna á málum, keramik og plastefnum. Innan TMS er

námskeiðið er haldið rétt hjá eða jafnvel innan veggja einhvers álvers. Á síðasta ári var námskeiðið haldið í Brasilíu. Það er ætlað tæknimönnum og sérfræðingum sem vinna við rafgreiningu í kerskálum auk annarra tækninga og ráðgjafaverkfræðinga sem vinna í nánú samstarfi við álver. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru sex, allir með mikla reynslu úr álverum, nokkrir komnir á eftirlaun en vinna þó áfram sem ráðgjafar og leiðbeinendur.

Haldið hérlendis í fyrsta sinn

Forsaga þess að námskeiðið var haldið hér á landi er að fyrir um ári kom fyrirspurn frá TMS

þeim möguleika að Norðurál gæti boðið upp á heimsókn tengda námskeiðinu. Það gekk upp og einu ári seinna er þetta orðið að veruleika.

Um hvað er fjallað á námskeiðinu?

Hvað er síðan fjallað um á svona námskeiði? Þessi rafgreiningaraðferð er orðin um 125 ára gömul en þrátt fyrir það eru enn sóknarfæri í að skilja betur framleiðsluferlið og að mæta auknum kröfum en þau atriði sem eru mikilvæg eru t.d:

1. Straumaukning. Nýjustu álver eru að keyra 400.000 amper í gegnum kerin og uppskera framleiðslu í réttu hlutfalli við straummagnið. Upphaflegu kerin fyrir um 125 árum keyrðu á 1800 amperum en verið er að þróa ker í dag sem vinna með 500-600 þúsund amper. Framleiðsla per ker í nútíma álveri er um 1,5 til þrjú tonn á dag. Fyrstu kerin sem notuð voru í fjöldaframleiðslu fyrir um 125 árum framleiddu um 23 kg á dag.
2. Öryggismál. Stóriðja hefur verið í fararbroddi hér á landi hvað varðar kröfur um öryggi í umhverfi starfsmanna og rétt notkun persónuhlífa og öryggisbúnaðar.
3. Umhverfismál. Losun flúors frá álverum er að minnka bæði vegna aukinna krafna í starfsleyfi en einnig vegna eigin frumkvæði álvera. Álver losa gróðurhúsalofttegundir sem verið er að takmarka með upptöku kolefnisskatts. Álver fá úthlutað kvóta á koltvísýringslosun (CO₂) og annarra lofttegunda sem hafa sömu áhrif og CO₂, ígildi CO₂ losunar.
4. Auknar kröfur um hagkvæmni í rekstri. Álver sem framleiða mikið magn per rafgreiningarker eru hagkvæmari í rekstri. Hækkandi orkuverð er í heiminum gerir einnig kröfur um sparnað í raforkunotkun.

Halldór Guðmundsson deildarstjóri framleiðslustýringar



deild kölluð Light Metals þar sem áherslusvið er notkun og úrvinnsla úr léttum málum eins og áli. Rafgreining áls, sem fer nú fram á þremur stöðum hér á landi (í Norðuráli, Rio Tinto Alcan Straumsvík og hjá Alcoa Fjarðaráli), er síðan enn eitt sérfræðisviðið innan Light Metals. Námskeið þetta hefur verið haldið árlega undanfarin ellefu ár og er vaninn sá að

til SAMÁLS hvort áhugi væri fyrir því að hafa slíkt námskeið hér og hvort innlend þátttaka yrði nægileg til að námskeiðið stæði undir sér. Forsvarismaður SAMÁLS, Þorsteinn Víglundsson, hafði samband við Gauta Höskuldsson framkvæmdastjóra kerskála Norðuráls. Í stuttu máli var gerð könnun á mögulegri þátttöku tækninga frá álverunum þremur ásamt

Vinnuhópar í kjölfar vinnustaðagreiningar

Starfsmenn tóku þátt í vinnustaðagreiningu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Greiningin leiddi í ljós ýmsa styrkleika á vinnustaðnum og í vinnumenningunni en jafnframt mörg tækifæri til úrbóta. Niðurstöður voru kynntar fyrir starfsmönnum og í framhaldinu voru myndaðir 13 hópar úr öllum deildum og vöktum sem greindu niðurstöðurnar nánar undir stjórn sérfræðinga hjá Capacent. Nú í september voru síðan stofnaðir fimm nýir hópar sem hafa það hlutverk að koma með tillögum að aðgerðum til að styrkja

vinnustaðinn en þessi vinna mun meðal annars byggja á vinnu greiningarhópanna síðan í vor. Lausnarhóparnir fást við eftirfarandi málefni: 1) Hróss og endurgjöf, 2) Samskipti, 3) Starfsþjálfun og þróun, 4) Vinnuaðstöðu og 5) Öryggi og heilsu. Kallað var eftir sjálfboðaliðum í hópana. Í hverjum hópi eru sex starfsmenn ásamt hópstjóra úr vinnuhópi síðan í vor. Sérfræðingur hjá Capacent stýrir síðan umræðum á tveimur til þremur fundum í hverjum hópi. Hver hópur mun ræða hugmyndir að lausnum, forgangsraða þeim og útfæra, skilgreina ábyrgðarmenn og

gera raunhæfa tímaáætlun. Gert er ráð fyrir að vinnu lausnarhópanna verði lokið fyrir 1. nóvember. Í framhaldinu verður svo haldinn starfsdagur þar sem allir vinnuhóparnir koma saman og kynna niðurstöður fyrir hver öðrum og fyrir framkvæmdastjórn. Það er tilhlökkunarefni að hópar starfsmanna komi nú saman með sameiginlegt markmið: Að efla vinnustaðinn okkar.

Rakel Heiðmarsdóttir, framkvæmdastjóri mannaússviðs

Merking þyrlulendingarsvæðis og nýrra göngustíga

Sífelld er verið að huga að öryggi gangandi vegfarenda í verksmiðjusvæðinu og í sumar hafa þrjú nýir göngustígar verið merktir. Nýr göngustígur hefur verið merktur frá skautsmiðju að nýja vélaverkstæðinu og hentar sá stígur sérstaklega vel viðhaldsmönnum skautsmiðjunnar. Göngustígur hefur verið merktur upp frá steypuskálanum og út að kranaverkstæði og efnisvinnslu auk þess sem gagngerar endurbætur hafa verið gerðar á göngustígnum frá skrifstofum kerskálanna út að steypuskála. Allt er þetta gert í þágu gangandi vegfarenda þannig að þeir geti farið öryggis ferða sinna um svæðið.

Að endingu má geta þess að merktur hefur verið landingastaður fyrir þyrlu sem er staðsettur milli mótuneytis og skrifstofu kerskálanna.

Trausti Gylfason



Nýr göngustígur frá vélaverkstæðinu að skautsmiðjunni.



Lendingastaður fyrir þyrlu hefur verið merktur upp fyrir framan mótuneytið.

Ólafur Norðurálsmeistari

Lokamót GONA, Golfklúbbs Norðuráls, var haldið á Garðavelli Akranesi 3. september sl. Tuttugu og sex starfsmenn mættu og skemmtu sér við leik í prýðis veðri. Ólafur Friðriksson bar sig úr bitum á mótinu með 38 punkta, en Ólafur lék einkar vel á seinni níu brautunum. Annar varð Lárus Hjaltested með 38 punkta og þriðji Gunnar Bjarnason með 37 punkta.

Einnig var spilað um titilinn Norðurálsmeistarinn en það er högggleikur með forgjöf. Titilinn hlaut Ólafur Friðriksson á 70 höggum og verður nafn hann greytt á farandbikar. Einnig fékk Ólafur smágladning í veskið.

Að móti loknu var sumarið gert upp og punktameistari Norðuráls krýndur, en þar telur besti árangur viðkomandi kylfings á þremur af fjórum mótum sumarsins. Sá sem bar höfuð og herðar yfir aðra var Gunnar Bjarnason og hlaut hann einnig að verðlaunum farandbikar. Nokkrir aðrir áttu góða spretti í sumar. Magnús Gunnlaugsson var næstur á þriðju braut, Barry Welch á 8. braut og Grétar Baldursson á 18 braut.



Ólafur Friðriksson Norðurálsmeistari og Gunnar Bjarnason sem varð punktameistari sumarsins.

Spurning dagsins

Ætlarðu í göngur, réttir eða berjamó í haust?

Í þá gömlu góðu..

Þistilritari fann fyrir skemmstu nokkrar myndir af starfsmönnum sem teknar voru á upphafsárunum Norðuráls þ.e. 1998-2000. Það er akkur fyrir fyrirtæki eins og Norðurál að hafa trausta starfsmenn, en enn starfa hér margir sem hófu störf á upphafsárunum fyrirtækisins. Eins og sjá má á nokkrum myndanna er eins og tíminn standi í stað. Sumir starfsmannanna hafa lítið breytast þó rúm tíu ár séu síðan myndirnar voru teknar, en þær tala sínu máli.




Anna Þórðardóttir steypuskála:
Ekki í göngur og réttir þetta haustið, en kannski í berjamó.



Einar Benediktsson steypuskála:
Nei sennilega ekki í réttir en það getur verið að ég stingi mér vestur á Mýrar í berjamó.



Erla Lúðvíksdóttir kerskála:
Ég ætla í berjamó og hugsanlega fer ég í réttir norður ef ég verð ekki að vinna.



Gunnar B. Ólason rannsóknarstofu:
Já ég ætla að fara í réttir og berjamó, en hef þó ekki ákveðið í hvaða réttir ég fer.



Helgi Sveinbjörnsson kerskála:
Ég fer í berjamó einhvers staðar í Hvalfirðinum.



Hér er Guðjón Guðmundsson sem hóf störf 1998 sem almennur starfsmaður í skautsmiðjunni en hefur lengst af verið liðstjóri þar.



Maður er nefndur Guðmundur S. Jónsson rafmagnsiðnfræðingur á viðhaldssviði. Hann hóf störf vorið 1998 sem rafvirki. Hann varð síðan yfirmaður rafmagnsverkstæðis í nokkur ár áður en hann varð starfsmaður umhverfis- og verkfræðisviðs. Í dag tilheyrir hann viðhaldssviði og sinnir háspennunni af kostgæfni.



Baldvin Þór Grétarsson hóf störf sem liðstjóri á B-vakt í kerskalanum 1998 áður en hann tók við starfi lagerstjóra í ársbyrjun 1999.

Hafsteinn Rúnar Gunnarsson starfsmaður á öryggisviði. Hann hóf störf í apríl 1998 sem rafeindavirki á viðhaldsdeild en hann var lengi aðaltrúnaðarmaður starfsmanna. Hafsteinn fluttist yfir á öryggisvið árið 2008



Jón H. Sveinsson hóf störf á vormánuðum 1998 sem vélvirki í skautsmiðjunni. Um haustið var hann ráðinn á innkaupasvið sem innkaupafulltrúi. Síðustu ár hefur Jón starfað sem sérfræðingur á tölvusviði.



Pétur Svanbergsson byrjaði sem almennur starfsmaður í kerskála í lok árs 1998. Hann vann sem liðstjóri á C-vaktinni þar til í júlí 2006 en þá var hann ráðinn sem öryggisfulltrúi. Sigurður Óskar Guðmundsson,



Sigurjón Björn Sveinsson rafvirki var í uppbyggingunni á fasa 1 á árunum 1997-1998 en var ráðinn til Norðuráls í ágúst 1998. Hann hefur allan tímann starfað sem rafvirki á rafmagnsverkstæðinu og var lengi trúnaðarmaður rafvirkja. Í dag er hann öryggistrúnaðarmaður viðhaldssviðs.

Trausti Gylfason öryggisstjóri

Daglegt m(ál)

Sólstafir

Þegar talað er um stafalogn er átt við algera vindleysu, ekki bærast hár á höfði. Orðið stafur hefur margs konar merkingu í íslensku en ein af þeim er geisli, sólargeisli.

Þegar stafalogn er sjást oft ljósrákir á yfirborði vatns eða sjávar frá sólinni, það er stafir, geislafafir, þar sem lítil sem engin hreyfing er á vatninu. Lognið er svo mikið að stafirnir endurspeglast.

Sólstafir eru sólargeislar sem falla í gegnum þröng op á skýjum þannig að þeir sjást vel. Þetta má oft koma auga á þegar sólin er að brjótast fram eftir rigningu. Þar er um að ræða sams konar stafi og stafina í stafalogni

Það kemur fyrir að stafalogn sé í Hvalfirði en þá er um að gera að njóta þeirra daga þegar logn og e.t.v. sólstafir veita starfsmönnum ánægju og yndi.

Trausti Gylfason öryggisstjóri



Norðurál styrkir Heilsueflandi framhaldsskóla

Fjölbrautaskóli Vesturlands hóf á dögum með formlegum hætti starf undir merkjum Heilsueflandi framhaldsskóla. Verkefnið snýr að heilðrænni stefnu í forvarna- og heilsueflingarmálum. Það gerir framhaldsskólum kleift að marka sér skýra stefnu, skerpa á aðgerðaráætlunum og forvörnum og jafnframt mynda á hagnýtan hátt skýran ramma utan um þennan almenna málaflökk. Það hefur verið leiðarljósið í Heilsuári Norðuráls að tengja fjölskylduna

og nærsamfélagið okkar við heilsueflingu, í þeirri viðleitni að markviss árangur náist þegar við bætum okkar lífstíl saman. Í ljósi þess var ákveðið að Norðurál styrkti FVA í heilsueflingu þar sem framtak skólans er til fyrirmyndar. Þetta kemur Norðuráli líka til góða að því leyti að margar sumarstarfsmenn Norðuráls og framtíðarstarfsmenn eru nemendur í FVA.

Brian D. Marshall fræðslustjóri

Níu ráð í tímastjórnun

Gerðu stór verkefni að litlum

Ef þú þekktir tímann eins vel og ég þekki hann," sagði hattarinn, „myndir þú ekki tala um að eyða honum." Úr Lisu í Undralandi. Öll þekkjum við hvað það er erfitt að byrja að vinna að stóru verkefni eins og að móta stefnu fyrir fyrirtækið okkar eða að hreyfa okkur meira. Áður en við byrjum á slíkum verkefnum snúum við okkur gjarnan að einhverju öðru léttara eða finnum ástæðu til að fresta því. Við förum oft að horfa á sjónvarpið, eða taka til og síðan þegar á að hefjast handa við verkefnið er tíminn floginn frá okkur. Þannig leitum við oft í smærri verkefni sem við getum lokið á stuttum tíma, því okkur finnst skemmtilegra og auðveldara að klára 5-6 lítil verkefni en eitt stórt og mikilvægt. Við höfum einnig tilhneigingu að taka frekar fyrir verkefni sem krefjast líkamlegrar vinnu en verkefni sem krefjast vinnu hugans. Árangur þess konar verkefna er áþreifanlegur og veitir okkur ákveðna sigurtílfirringu. Þegar þú uppgötvar síðan að stóra verkefnið er enn óhreyft þá hverfur ánægjan. Afleiðingin er sú að stóra og mikilvæga verkefnið lendir í tímaþröng, því er ýtt á undan og það vex þér meira og meira í augum að byrja á því. Þannig er hætta á því að verkið verði unnið á síðustu stundu og gæðin þar með ekki eins og við viljum hafa þau. Ef ekki tekst að

ljúka verkinu á tilsettri stundu skapast óánægja og streita. Kannast þú við þetta? Velkominn í hópinn! Góðu fréttirnar eru þær að það er hægt að breyta þessu og einnig að stóru verkefni eru ekki eins erfið og þau líta út fyrir að vera.

Frestunartilhneiging

Þetta atferli er kallað frestunartilhneiging og fylgir okkur öllum meira eða minna. Auk þess að geta átt við verkefni, á þetta við erfiðar ákvarðanir eða að hringja erfið símtöl. Fyrsta ráðið við frestunartilhneigingunni er að gera sér grein fyrir því að hún er læknanleg og felst lausnir meðal annars í því að skipta verkefni niður í litlar einingar. Einnig er hollt að spyrja sjálfan sig hvaða afleiðingar frestun verkefnisins hefur. Flest verkefni hafa lokatíma og á það sérstaklega við prófverkefni, skýrslugerð, tilboðsgerð og fleira. Gott ráð við þessu er að gera sér grein fyrir því hve langan tíma verkefnið tekur og bæta við þann tíma 20-30%. Flest verkefni taka lengri tíma en við gerum ráð fyrir. Hér gildir reglan að forgangsraða, að vinna strax að þeim verkefnum sem biða og ljúka þeim á réttum tíma. Gott getur verið að nýta tímann fyrst á morgnana áður en síminn fer að hringja og eins getur hádegjið verið góður tími

en á kvöldin eru flestir orðnir þreyttir og við þörfnumst hvíldar. Þannig getur verið gott að byrja morgnana á því að vinna að stóru, óþægilegu máli eftir að búið er að búta það niður í nokkra hluta. Á mánudögum getur verið gott að vinna að þessu, þá erum við úthvöld eftir helgarfrí. Þessi stóru mál þurfa alltaf að vera á listanum og gott að setja 30 mínútur á dag í þau.

Að borða fil...

Hér er ágæt aðferð til að nota við skipulagningu verkefna. Við byrjum á því að spyrja okkur að því hvernig við förum að því að borða fil. Við skerum lítil stykki úr honum og borðum þau smátt og smátt og því verður verkefnið viðráðanlegra. Filaverkefni eru þau verkefni sem eru yfirþyrmandi stór og tekur langan tíma að ljúka. Langur tími liður gjarnan þangað til árangur sést og því er lítil hvatning til staðar að byrja á verkefninu. Þannig má líkja verkefninu við fil, sem er bútað niður í þægilega og meðfærilega bita og þannig getum við lokið við verkefnið hægt og bitandi.

*Brian Daniel Marshall, fræðslustjóri
(Byggt á bókinni 30 áhrifarík ráð í tímastjórnun eftir Thomas Möller)*



Flutningur á deiglum og forskautum í Helguvík

Í Helguvík, eins og í öllum álverum, verður nauðsynlegt að flytja ný og brunnin forskaut milli skautsmiðju og kerskála, og ál til steypuskála. Til þess verða notuð sérhönnuð flutningstæki svipuð þeim sem sýnd eru á myndunum. Tækin eru oft liðstýrð og geta því tekið krappar beygjur og eru hönnuð þannig að ökumenn hafi góða yfirsýn í akstursstefnu. Tvöföldu forskautin sem notuð verða í Helguvík munu hvert um sig veiga um 3,5 tonn. Bæði ný og brunnin forskaut verða geymd í einni stórrí forskautageymslu við skautsmiðjuna. Forskautin verða flutt, þrjú í einu, í skautbökkum sem skautflutningstækin munu flytja. Fullhlaðin veiga þessi flutningstæki yfir 30 tonn. Skautflutningstækin verða útbúin með lokum til að lágmarka mengun frá brunnnum skautum. Málmtaka mun fara fram með svipuðum hætti og á Grundartanga, nema að í staðinn fyrir að leggja fullar deiglar á deigluvagna við kerin, munu þjónustukranarnir keyra deigluvarn að næsta þvergangi og leggja deigluvarn þar á deiglustanda. Málmdaigluvarn munu geta borið allt að 13,3 tonn af áli. Deigluflutningstækin flytja svo deigluvarn á milli þverganganna og steypuskálans. Deigluflutningstækin lyfta deigluvarn og losa án aðstoðar annarra tækja.

Guðbrandur Gimmel



Punktur

- Engin vinna var á svæðinu í vikum 30 og 31.
- Áður en vinna hófst að nýju eftir sumarfrí voru haldnir öryggisfundir til að auka öryggisvitund starfsmanna.
- Hver einasti vinnudagur byrjar á öryggisfundi til að auka öryggisvitund starfsmanna.
- Fjöldi manns sem vinnur á svæðinu daglega er um það bil 35.
- Steypuframkvæmdir halda áfram fyrir afriðlasvæði.
- Málrarar eru að betrubæta stálbyggingar.
- 116 verkferlar hafa verið kláraðir fyrir Helguvíkur verkefnið, þeir innihalda:

Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál
Verkefnagátt
Gæðaefirlit
Verkfræði
Samningar og innkaup
Starfsemi á svæðinu
Verkefnisstjórnun

Öryggishornið

Algengustu frávik frá reglum, júní-ágúst 2011

